



Borðtennissamband Íslands  
The Icelandic Table Tennis Association  
Íþróttamiðstöðinni Laugardal  
104 Reykjavík  
Fax: +354 588 8848

Member of:  
The Nordic Table Tennis Federation NTTF  
The European Table Tennis Union ETTU  
The International Table Tennis Federation ITTF

## Fundargerð ársþings Borðtennissambands Íslands 2023

Ársþing Borðtennissambands Íslands 2023 fór fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 13. maí 2023 kl. 15.00.

Dagskrá þingsins er:

- 1) Þingsetning.
- 2) Kjör fundarstjóra og fundarritara.
- 3) Staðfesta lögmæti fundarins.
- 4) Kosning kjörbréfanefndar.
- 5) Fara yfir fundargerð síðasta þings.
- 6) Afhending viðurkenninga.
- 7) Ávörp gesta.
- 8) Fráfarandi stjórn gefur skýrslu.
- 9) Reikningar sambandsins lagðir fram (með álitni skoðunarmanna).
- 10) Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.
- 11) Reikningar bornir undir atkvæði.
- 12) Fjárhagsáætlun.
- 13) Lagabreytingar.
- 14) Umræður og afgreiðsla á tillögum sem þinginu hafa borist.
- 15) Kosning stjórnar og varamanna.
- 16) Kosning skoðunarmanna reikninga.
- 17) Val fulltrúa á íþróttþing.
- 18) Önnur mál.
- 19) Ræða formanns.
- 20) Þingslit.

### Fundargerð

- 1) Auður Tinna Aðalbjarnardóttir formaður setur þingið.
- 2) Auður stingur uppá Péttri Marteini Urbancic Tómassyni sem fundarstjóra og Sigurjóni Ólafssyni sem fundarritara, það er samþykkt samhljóða.
- 3) Fundarstjóri tekur við, biður um staðfestingu á lögmæti fundarins. Það er samþykkt.
- 4) Fundarstjóri biður um tilnefningar fyrir einstaklinga í kjörbréfanefnd. Auður tilnefnir Hlöðver Steina Hlöðversson, Örn Þórðarson og Ástu Melittu Urbancic. Það er samþykkt samhljóða.

- 5) Fundarstjóri spyr hvort fundargerð síðasta þings sé staðfest. Fundargerð síðasta þings staðfest samhljóða.
- 6) Engar viðurkenningar afhentar í ár.
- 7) Fundarstjóri mætir í pontu og býður Hafstein Pálsson, 2. varaforseta ÍSÍ, velkominn. Hafsteinn flytur kveðjur forseta ÍSÍ, framkvæmdastjóra, stjórnar og starfsfólks með þökk fyrir samstarfið á liðnu ári. Vekur athygli á kynjahlutafalli í stjórn ÍSÍ sem lagaðist til muna og það sé vel. Gerðar voru breytingar á lögum t.d. varðandi góða stjórnarhætti. Fækkað þingfulltrúum, gert m.a. auðveldara með að fara með þingið út fyrir höfuðborgarsvæðið. Minnir á getsþá og getraunir, tækifæri til að nýta sér getraunastarfið til að hafa tekjur. Útbreiðslustyrkur kemur t.d. til vegna tekna af getsþánni. Nefnir frjálst félagasamstarf í gegnum samskiptaráðgjafa, hvetur BTÍ til að kynna sér þetta starf. Embættið er á vegum stjórnvalda. Um að gera að ná sér í ráðgjöf ef þurfa þykir. Hafsteinn óskar þess að þingið verði starfsamt og árangursríkt, nái að koma málum í farveg til að efla íþróttina. Óskar þess að borðtennis eflist á árinu og verði öflugri en nokkru sinni fyrr.
- 8) Auður fer yfir skýrslu stjórnar frá apríl 2022 til maí 2023. Fer yfir stærstu þætti í efni ársskýrslu. Í fyrsta sinn sem þingið er haldið árlega. Heldur minni yfirferð en áður. Auður fór yfir inngang sem hún ritaði í ársskýrsluna og vakti athygli á að skýrslan sé aðgengileg á vefnum.
- 9) Valdimar fer yfir reikninga sambandins. Fundarstjóri segir að áður en við förum í kosningar á reikningum þá fær fundarstjóri Hlöðver Steina upp í pontu til að kynna atkvæðafjölda. Farið yfir kjörbréf. Þeir sem eru mættir eru frá Víkingi 2, BH 4, ÍFR 1, BR 2, KR 6 og HK 3. Samtals 18 atkvæði.
- 10) Fundarstjóri opnar umræðu um skýrslu reikninga stjórnarinnar. Pétur Stephensen: Skýrsla stjórnar, finnst afturför að hún sé ekki prentuð. Finnst að hún eigi að liggja frammi. Varðandi reikninga, slæmt að hafa tap upp á 5,7 m.kr. List vel á að lækka bókhaldskostnað sem er 600 þús kr. Þakkar fyrir góða skýrslu. Sambandið er með góða fjárhagsstöðu. Auður: Í samræmi við umhverfisstefnu að prenta ekki skýrsluna. Örn Þórðarson: Spyr hvort að við höfum upplýsingar um að liðurinn ferðakostnaður og erlend samskipti innihaldi einnig þjálfunarkostnað. Valdimar svarar því til að þetta hafi ekki verið tekið alveg nákvæmlega saman. Örn: Getum við áttað okkur á því hvernig þetta er í raun og veru? Auður segir að hún geti svarað að loknu kaffihléi. Jóhannes: Styrktarsjóðir, hvar var hann bókfærður? Valdimar segir það vera undir liðnum gjafir og styrkir. Kristján: Tvær ábendingar. Hafa líka gögnin undir Um BTÍ á vefnum. Ágætt að hafa undirritun inn í gögnunum sömuleiðis. Gott að hafa lista yfir reikninga og ársskýrslu á aðgengilegum stað. Sigurjón þakkar ábendinguna um staðsetningu gagna á vefnum, verður bætt úr því. Anna: Ekki óeðlilegt að það sé halli þar sem ekki var starfsmaður áður og ekki sérstök fjárveiting fyrir henni. Ingimar: Við höfum tekið stökkið með ráðningu starfsmanns.
- 11) Fundarstjóri biður um kosningu reikninga. Þeir eru samþykktir einróma.
- 12) Næst á dagskrá er fjárhagsáætlun. Valdimar mætir í pontuna og fer yfir hana á skjánum. Fundarstjóri opnar á umræðu um fjárhagsáætlun. Auður: Auknar greiðslur frá ÍSÍ, Lottó. Hlöðver, vekur athygli á mikilli hækkun þátttökugjalda í fjárhagsáætlun. Hver sé skýringin á bak við það. Skúli: Hvar eru þátttökugjöldin bókfærð? Hákon: Þátttaka við unglíngalandsliðsverkefni einnig þarna inni. Jóhannes: Leggur til að útbreiðslustyrkur fari í útbreiðslu, vill hækka um 2 m.kr. Var 4 m.kr. í fyrra en 3 m.kr. í ár. Valdimar: Líkleg skýring er að það er yfirfærsla á milli ára sem skýri þetta. Auður: Þekki að það var ýtt á eftir þátttökugjöldum, Fastland, segir að fimm félög hafi greitt iðgjöld fyrir deildarkeppni 2022. Jóhannes: Þingið beini til stjórnar að ganga á eftir þessum gjöldum hafi þau ekki verið greidd af öllum félögum. Örn: Reglur um deildakeppni skýrar að það verði að greiða gjöldin til að fá leyfi til að keppa. Pétur Gunnarsson: Sammála Erni. KR og HK bæði sein og báðust báðir afsökunar á því. Eðlilegt að leggja sektir á félög sem greiði seint að mati Péturs G. Anna staðfestir að öll félag hafi greitt en sum hafi greitt eftir áramót. Kristján: Spyr út í þjálfunarkostnað, 2 m.kr. Í fjárhagsáætlun, mikil hækkun. Valdimar svarar, bókhaldskostnaður mismunandi færður á milli ára eins og Auður fór yfir áðan. Tillaga Jóhannesar um að hækka móta- og útbreiðslukostnað úr 1 m.kr. í 3 m.kr. Ýmsir tóku til máls um hvernig

bókhald er fært og töldu ekki nógu gagnsætt. Valdimar tók dæmi um Mosfellsbæ. Bærinn tekur þjálfunarkostnað á sig þar. Atkvæðagreiðsla var um tillögu Jóhannesar um hækkun á kostnaði. Samþykkt að móta- og útbreiðslukostnaður verður hækkaður um 2 m.kr. Pétur Stephensen: Vekur athygli á því að þar með er kominn mínus í fjárhagsáætlun. Fundarstjóri ber fjárhagsáætlun undir atkvæði. Samhljóða samþykkt.

- 13) Lagabreytingar. Þinginu bárust 3 tillögur að reglugerðarbreytingum en engar lagabreytingar. Fundarstjóri leggur til að taka þær undir lið 14.
- 14) Borist þrjár tillögur um reglugerðabreytingar á keppnistillögum. Fundarstjóri býður tillöguhöfundum að koma í pontu til að kynna breytingarnar sem var varpað upp á skjá og má finna á bordtennis.is. Tómas Ingi og Jóhannes: Breyting á 5. gr. Taka út síðustu setningu greinarinnar. Ekki gott að setja takmörkun með 30 daga reglu eftir félagaskipti. Önnur tillaga varðar 14. gr. Taka út annað sæti í tvíliðaleik. Skrítið að gildi um öll mót. Virðist vera óvart inni í reglum. Leggja til að taka út. Þriðja tillagan á 17. gr. um drátt á mót. Vilja að gildi á öllum mótum nema Íslandsmótum. Umræður um tillögur. 1) Örn lýsir yfir ánægju með þessa breytingatillögu. Hákon: styður þetta líka. Hlöðver: Styð þetta. Jóhannes: Sammála. Umræða um eyðublað fyrir tilkynningar. Auður: Var breytt á tímabilinu, hægt að tilkynna með tölvupósti. Örn: vildi gera athugasemd við eyðublaðið. Kosið um tillöguna. Samþykkt samhljóða. 2) Varðar 14. gr. Umræður: Ásta, man eftir þegar þetta fór inn. Rökin að þör í tvíliðaleik eru oft betri en röðun gefur til kynna. Samþykkt samhljóða. 3) Varðar 17. gr. Umræður. Örn: Skil hvað liggur að baki tillögu en er persónulega á móti henni. Íslandsmót er borðtennishátíð, vil ekki spila við þann sem ég spila við alla daga. Tillagan eykur líkur á því. Hlöðver: Þetta er einfaldur útsláttur á Íslandsmóti en ekki keppni á milli félaga. Tillagan samþykkt.
- 15) Kosningar á stjórn og varamönnum. Anna og Kári ganga úr aðalstjórn. Tvö laus sæti. Már Wolfgang Mixa og Guðrún Gestsdóttir hafa boðið sig fram í aðalstjórn. Jón Gunnarsson býður sig fram í varastjórn. Sigurjón, Auður og Ingimar kosin til tveggja ára á síðasta ársþingi. Pétur Gunnarsson: Finnst ekki skipta máli í hvaða félagi stjórnarfolk er. Kristján nefndi halla á milli félaga í stjórn. Klappað fyrir sjálfkjörinni stjórn.
- 16) Kosning skoðunarmanna reikninga. Áframhaldandi, Árni Siemsen og Kristján Örn Eliásson lagðir til. Það er samþykkt.
- 17) Íþróttapínging og val fulltrúa þar vísað til næstu stjórnar. Hefð fyrir að vísa til stjórnar. Hafsteinn: nefnir að frjálst sé að haga þessu vali, á þingi eða í stjórn. Var fellt út. Mögulegt tilefni til lagabreytingar. Fundarstjóri leggur til að verði vísað til stjórnar sem var samþykkt.
- 18) Önnur mál. Ásta: Kjörbréfanefnd ræddi að beina til stjórnar að breyta lögum með fjölda þingfulltrúa, það sé skýrara hve margir eiga rétt til setu, óljóst í dag. Þyrfti að leggja fram fyrir næsta ársþing. Í fyrra var reglum breytt reglum um skipan kvennaliða. Ekki orðin fjölgun liða en fjögur lið í 3. deild voru skipuð konum. Var þessi breyting til góðs eða ekki? Þarf að bregðast við svo fleiri konur sjái hag í því að keppa í kvennadeild. Jóhannes: Varðandi kjörbréfin, telur að við séum að gera þetta vitlaust. Ætti að skýra með lagabreytingu. Valdimar: vorum ekki sammála um hvernig ætti að telja þetta, þarf að skýra betur t.d. milli 3. og 4. fulltrúa. Auður: óeining um hvort félag með 70 leikmenn sé með 3 eða 4 fulltrúa. Hafa þingfulltrúar skoðun á þessu? Kristján: Vísar í skákíþróttina, þar er eitt atkvæði fyrir félag og eitt fyrir hvert lið sem keppir á Íslandsmótinu, þannig eru reglurnar í skákinni. Sýnir betur hverjir eru virkir. Ásta: erum að taka mið af virkum keppendum miðað við styrkleikalista. Örn: Ekki mikil óánægja með hvernig þetta er en setningarnar eru svo óskýrar: Hlöðver: sammála, þetta er erfitt, ætti að vera skýrara. Pétur fundarstjóri: sammála þessu með óskýrleika. Pétur Gunnarsson: fleiri stelpur í 3. deild vegna þess að þar geta stelpur spila við fjölbreyttari einstaklinga. Anna: vonast til þess að það komi fleiri lið í kvennadeild, voru vonbrigði að ekki fleiri sendu lið. KR gæti t.d. sent tvö lið í kvennadeild. Ársól: gætum tekið leið fótboltans að skikka lið til að senda kvennalið ef þau eru með karlalið í efstu deild. Ný lausn í fótbolthanum til að fá inn kvennalið ef lið ætlar að keppa í efstu deild kvenna. Pétur G.: Þarf að biðja um fleiri stelpur. Anna: Erfitt að koma inn í keppni tveggja mjög

góðra liða, “skelfilegt” fyrir yngri stelpur að hætta sér inn í deildina. Skúli: Útbreiðslusjóð má nota til að fá stelpur inn. Kristján: Snýst um áhuga kvenna. Ingimar: Staðan í kvennaborðtennis ekki góð, hræðileg í BH, reyndum að hafa stelpuæfingar, auglýstum á samfélagsmiðlum en ekki tókst. KR hefur eitt lið náð árangri og önnur félög geta lært af því. Ársól: Erum heild í KR, auglýsingar frá BTÍ sýna bara karla t.d. í myndbandi. Sýna meira af þeim sem eru í íþróttinni. Örn: Núna ætti stór hluti útbreiðslustyrks að fara í að fá fleiri stelpur inn í borðtennis. Setja fjármuni í þetta. Jóhannes: Hluti af útbreiðslustyrk mætti nota til að fá KR til að gera vefnámskeið um hvernig eigi að fá stelpur. Skoða tillögur Ársólar að skikka lið til að vera með kvennalið líkt og er gert í fótbolthanum. Ásta: Ræddi um bikarkeppni með 2 kk og 1 kvk. Þetta átti að hvetja lið til að vera með konur. Bikarkeppnin ekki hlotið samam virðingarsess og Íslandsmótið og því ekki skilað sama árangri. Kristján: móti svona þvingunum. Skiptir máli að fara í barnastarfið. Hlöðver: vandamálið er að stelpur nenna ekki bara að spila á móti hver annarri sbr kvennadeild. Anna: Skritið að skamma KR fyrir að senda eitt lið í kvennadeild, standa sig best. Árni: í lagi að beita einhverjum skilyrðum - ef okkur er alvara með þetta þá þarf að gera eitthvað, til að ná fram breytingum þarf að setja í farveg. Ársól: Góð leið væri að fá okkur til að taka þessa samræðu aukalega með stjórn. Oft karlar að tala fyrir hönd okkar. Er að spila alltaf við sömu stelpurnar. Ætti að vera samræða milli kvennanna að ræða þetta. Valdimar: tekur undir með Ársól, spyr út í reynslu af því að spila í Noregi og Svíþjóð. Ársól: Aldrei að spila á móti sömu einstaklingum: Anna: Hvetja félög sem telja sig ekki fá sína rödd að bjóða sig fram í stjórn. Hvet alla til að bjóða sig fram. Örn: Vil biðja stjórn að hafa nýjustu útgáfur af reglugerðum á netinu. Nokkuð borið á skorti á því. Piotr: Gagnrýnir skipulag á mótahaldi síðasta tímabil, nefnir dæmi, voru með BR Open 17. desember. Afar fáir komu. Það var snjóstormur reyndar en þennan dag var sett á unglíngalandsliðsæfing á sama degi. Hafði mikil áhrif á mætingu. Biðlar til skipuleggjenda æfinga að láta þetta ekki rekast á. Jóhannes: Legg til að greinin 8.17 í lögum BTÍ falli úr gildi. Pétur G: Vil sjá að betur fari á næsta tímabili með skipulag á deildinni, mikið um hrókeringar á síðasta tímabili, taka harðar á þessu. Sigurjón: Þakkar Pétri fyrir að nefna þetta, verið of mikill losarabragur. Pétur Urbancic: Mjög sammála þessu. Fullorðnast í þessu sem íþrótt. Félög eru að koma sér saman um frestanir. Hætta að líta á þetta sem einkamál liðanna. Ekki spyrja okkur að þessu, þarf að vera ákvörðun stjórnar. Anna: Sammála um mótið í desember hjá BR og að landslið var að æfa á sama tíma hafi verið óheppilegt. Pétur G: til að koma íþróttinni á sama plan og önnur þarf að hafa sektir, beita refsingum svo þetta sé eitthvað sem verður bætt. Ingimar: beinir tilmælum til BTÍ að fylgja reglum sínum um mótahald eftir. Að lið tali ekki saman um að fresta leikjum. Leggur til að þingið beini þessu til stjórnar. Jóhannes: sammála að skerpa á þessu, hækka þátttökugjöld, sekta fyrir að mæta ekki til leiks. Ásta: Tek undir þetta að fara eftir dagskrá sem er búið að gefa út. Þegar verið er að fresta leikjum, getur komið mismunandi niður á liðum sem taka þetta mis alvarlega. Fannst í lagi að HK fékk leyfi vegna þátttöku í Evrópukeppni. Óásættanlegt að það sé ekki sekt að mæta ekki til Akureyrar af því að þau nenna ekki norður. Auður: bregst við athugasemd Piotr, tekur undir gagnrýnina. Varðandi það sem Kristján sagði með að það væru fulltrúar frá fjölbreyttum liðum í stjórn. Getur þess að leitað var til 7 einstaklinga frá 5 félögum en þeir gáfu ekki kost á sér. Enginn athugasemd með fulltrúafjöldann, stjórn setji fram töflu sem skýri þetta betur. Varðandi það sem Ársól sagði varðandi kynningarefni, tek undir að það þurfi að vera breidd í kynjahlutfalli. Myndband sem BTÍ dreifði var ekki gert af BTÍ heldur einstaklingum í íþróttinni. Pétur G: varðandi heimsóknir, það þarf að hafa hagsmuni liða úti á landi með skipulag. Hákon: Vont ef lið mæta ekki nógu margir leikmenn til keppni. Sekt að mæta of fámennir í leik eða mæta ekki í leik. Mætti vera hægt að kalla leikmenn úr neðra liði í forföllum ef sú staða kemur upp. Kristján: finna endanlega og betri lausn, ekki viss um sektir og refsingar að það skili árangri. Valdimar: í boltageinum t.d knatsspyrnu þá er sektað fyrir þann ferðakostnað sem liðið sem mætti í hinn leikinn þurfti að bera. Varðandi gerð myndbands, væri hægt að sækja um styrk til UMFÍ til að gera myndband í þessu skyni. Hlöðver: frekar að draga stig frá liði en peningasektir. Anna: Ef við viljum fá fleiri lið þá er það mjög

letjandi ef það er hætt á því að ef einhver kemur ekki og komi til refsingar. Vont að geta ekki kallað í leikmenn til að geta verið með fleiri lið. Mætti kalla inn leikmann úr neðra liði. Piotr: Ræðir skipulag móta, mikilvægt að halda sig við dagsetningar á leikdögum. Allar breytingar hafa áhrif á vinnuna okkur t.d. með vaktaskipulag. Þurfum að hafa lágmark mánaðar fyrirvara á breytingum. Skúli: þarf sektir til að halda sjálfsvirðingu, mætti líka draga stig. Hákon: Ítreka að geta sótt leikmenn úr neðri liðum. Ársól. Kerfi á Norðurlöndum að er þannig að það er hægt að sækja leikmenn í öðrum liðum en þeir geta þá ekki keppt í ákveðinn langan tíma í fyrra liði.

Tómas: sammála Piotr, halda sig við auglýst skipulag þann tíma út veturinn sérstaklega varðandi deildakeppnina. Pétur G: þarf ekki að gilda það sama með allar deildir varðandi sektirnar.

Sigurjón: nefnir liðsbúninga sem dæmi um agaleysi, krafa er í reglum um að vera í eins búning en mótshaldarar gera ekkert í því. Þurfum meiri fagmennsku. Ásta: helsta ástæða að leikmenn fluttu sig ekki á milli liða er að þau treystu sér ekki til að skuldbinda sig til að spila alla leiki.

Leikmannagluginn er ekki að hjálpa í þessu tilliti. Fundarstjóri setur hér punkt aftan við umræður.

- 19) Ræða formanns. Auður, nefndi að það hefðu verið góðar umræður á þinginu. Nefnir þrennt, margt spennandi á döfinni. Smáþjóðaleikar. Fleiri nýir þjálfara vilja koma til landsins. Þakkar þeim sem eru duglegir að birta á samfélagsmiðlum. Ein slík færsla varð t.d. til þess að ítalskur þjálfari kom til landsins. Allt umtal, kynning og dreifing hjálpar. Ef allir virkir í íþróttinni gera þetta hefur það góð áhrif. Að lokum nefnir Auður að það er búið að samþykkja aukinn kostnað til útbreiðslu.

Hvetur til að koma með hugmyndir til stjórnar sem stuðla að útbreiðslu, vegna styrkja. Þakkar fyrir gott þing og hlakkar til að sjá fólk að ári.

- 20) Þingi slitið klukkan 17.40.

Fundargerð ritaði Sigurjón Ólafsson